

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og vilja koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Samtök ferðaþjónustunnar taka undir athugasemdir Samtaka atvinnulífsins en hafa eftirfarandi athugasemdir við efnisþætti frumvarpsins sem snúa að ferðaþjónustu sérstaklega.

#### **-Umhverfis- og auðlindaskattar**

Samtökin ítreka tillögu SA um að fallið verði frá hækkun kolefnisgjalds. Forsendur fyrir hækkun á þessu gjaldi eru ekki til staðar þar sem sýnt er að gjald fyrir kolefnislosun hefur lækkað umtalsvert í Evrópu.

- ***Kolefnisgjald -innanlandsflug***

Fyrir liggur að verslun með losunarheimildir í flugi innan ESB hefjist nú um áramót og fellur innanlandsflug undir það kerfi með tilheyrandi hækkun gjalda. Nú væri hægt að segja að slík hækkun væri góð út frá umhverfissjónarmiðum, þ.e. að með hækkandi verði fækki flugfarþegum og þar með útblástur. Þetta er ekki svo einfalt hér á landi eins og víða í Evrópu þar sem mikil áhersla er lögð á lestarsamgöngur sem umhverfisvænar samgöngur (sem er reyndar mjög umdeilanlegt því raforkan sem knýr þær áfram er ekki öll framleidd á vistvænan máta sbr. kjarnorku- og kolaver). Hér á landi er helsti samkeppnisaðili flugsins einkabíllinn og er það þekkt staðreynd að sá fararmáti mengar mun meira en flug. Samtökin leggjast alfarið gegn því að lagt sé kolefnisgjald á flugvélaeldsneyti enda er þar augljóslega um tvísköttun að ræða frá og með 1. janúar 2012

- ***Kolefnisgjald -hópbifreiðar ásamt oliugjaldi***

Á síðastliðnum 36 mánuðum hefur oliugjald verið hækkað fjórum sinnum og hefur það haft í för með sér mjög miklar kostnaðarhækkanir fyrir rekstraraðila hópbifreiða. Nú er yfirvofandi enn ein hækkunin og mun sú hækkun ásamt mikilli hækkun auðlindaskatts vera hópbifreiðafyrirtækjum gríðarlega þungbær sérstaklega með tilliti til þess að hópbifreiðafyrirtækin eru ekki í virðisaukaskattskerfinu og leggjast því 25,5% ofan á oliugjald og annan meginþorra aðfanga. Samtök ferðaþjónustunnar telja það óásættanlegt að á meðan aðrar greinar flutninga hafa notið mótvægisáðgerða til að mæta skerðingunni þurfa hópbifreiðafyrirtækin að greiða álag á hækkunina.

## -Áfengisgjald

Opinberar tölur sýna að sala á áfengi hefur dregist saman á síðustu árum og hafa áætlanir ríkissjóðs um tekjur af áfengissölu ekki skilað sér þrátt fyrir hærra áfengisgjald. Einnig sýna upplýsingar frá framleiðendum að hlutur ríkisins í hverjum seldum lítra af áfengi er gríðarlega hár eða yfir 90% í sumum tilfellum. Að auki hefur komið fram að sala áfengis hefur því í auknum mæli færst undir yfirborðið þar sem sýnt hefur verið fram á að sala af heimatilbúnu áfengi og smygli hefur aukist.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að sú hækkun, sem boðuð er á áfengisgjaldi auki enn frekar sölu á heimatilbúnu áfengi og smygli. Sem endranær mun minnkandi velta skila sér í minni umsvifum og fækkun starfsfólks á veitingastöðum. Til að auka tekjur ríkissjóðs leggur SAF til að áfengisgjald lækki, en slíkt mun minnka neðanjarðarstarfsemi, efla opinbera sölu á áfengi og samtímis auka tekjur ríkissjóðs.

Virðingarfyllst



Samtök ferðaþjónustunnar  
Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri